



Félagsfræði, 5. Bekkur. (FÉL2AA10)

Námsáætlun skólaárið 2025-2026

Félagsfræði er stór og víðfeðm fræðigrein sem lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi, samfélagið er á stöðugri hreyfingu og breytist hraðar nú um stundir en tíðkast hefur í gegnum söguna. Hugtök og hugmyndafræði breytast hratt og má taka sem dæmi samfélagsmiðla sem hafa haft gífurleg áhrif á samfélagið sem og knýjandi viðfangsefni samfélaga eins og loftlagsmál, Covid, ófriður og annað sem hefur áhrif á samfélagið og fólkið sem þar býr. Í vetur verður fjallað um viðfangsefni félagsfræðinnar eins og félagsfræðileg hugtök og merking þeirra, meginkenningar og frumkvöðla félagsfræðinnar. Einnig verða tekin fyrir samfélagsleg málefni líðandi stundar eftir því sem við á og geta nemendur komið með tillögur og vinna verkefni sem tengist því.

Kennarar verða 5 kennslustundir á viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara og nemenda, tímaverkefnum og fleira.

Námsmarkmið.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Algengustu hugtökum félagsvísinda
- Helstu áhrifavöldum í félagsmótun s.s. fjölskyldu, skóla, félaga og fjölmiðla
- Mikilvægustu félagslegu kerfi ólíkra samfélaga og tilgangi þeirra
- Helstu hugtökum stjórnmálafræðinnar s.s. vald, lýðræði og þrískiptingu ríkisvaldsins
- Réttindi og skyldur fólks í íslensku samfélagi
- Veruleika þeirra sem búa við fátækt og skort á tækifærum
- Samstarfi þjóða á alþjóðavettvangi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt
- Greina stöðu sína innan samfélagsins og þau áhrif sem einstaklingar geta haft í samfélaginu
- Setja fram niðurstöður sínar bæði munnlega og skriflega

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera grein fyrir samspili þekkingar, umburðarlyndis og fordóma
- Tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál
- Geta lagt mat á heimildir og upplýsingar í félagsvísindum

Námsefni:

Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

<https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/>

Annað efni frá kennara

Námsmat:

Námseinkunn:

4 kaflapróf – tvö próf á haustönn & tvö próf á vorönn. Efstu 3 gilda (30%)

Fyrirlestur á vorönn (20%)

Teiknimyndaverkefni (15%)

Mæting, þátttaka í tímum (tímaverkefni) og skil á minni verkefnum yfir veturinn (35%)

Vorpróf 100%

Lokaeinkunn er meðaltal af vorprófseinkunn og námseinkunn.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn helstu námsmatsþátta

Vikur	Námsefni	Verkefni/Próf
20.-22.8	Kynning á áfanga og 1.kafli byrjaður	
25.-29.8	1. kafli & 3. kafli	
1.-5.9	3. kafli	
8.-12.9	2. kafli	
15.-19.9	2. & 8. kafli	
22.-26.9	8. & 11. kafli	Teiknimyndaverkefni (15%)
29.9-3.10.	11. kafli	
6.-10.10	Upprifjun fyrir próf	Kaflapróf 1 (10%)
13.-17.10	10. kafli	
20.-24.10	10. kafli & 5. kafli	
27.-31.10	Hausthlé & 5. kafli	
3.-7.11	Verkefnavinna	Hópverkefni (10%)
10.-14.11	6. kafli	
17.-21.11	6. kafli	
24.-28.11	Upprifjun fyrir próf	Kaflapróf 2 (10%)

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.